

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skrifstofa orku, iðnaðar og viðskipta
Samráðsgátt

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, með síðari breytingum (leigusamningar)

Mál nr. 285/2019

25. nóvember 2019

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, með síðari breytingum liggur nú fyrir á samráðsgátt stjórnvalda og viljum við með þessu bréfi veita okkar umsögn á því frumvarpi.

Í frumvarpinu er lagt til að alþjóðlegur reikningsskilastaðall nr. 16 um meðferð leigusamninga verði formlega tekinn upp í íslensk lög og veitt heimild fyrir ör- og lítil félög til þess að víkja frá þeim staðli.

Eftirfarandi er umsögn okkar. Hún snýr aðallega að tveimur atriðum, þ.e. 1. gildistöku laganna og 2. íþyngjandi áhrif staðalsins.

1. Gildistaka laganna

Þann 1. janúar 2019 tók gildi alþjóðlegur reikningsskilastaðall nr. 16 (IFRS16) sem hefur verið í farvatninu fyrir félög sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) frá ársbyrjun 2016, en hann var gefinn út 13. janúar 2016 af Alþjóðlega reikningsskilaráðinu. Þar af leiðandi hafa félög sem beita IFRS haft þrjú ár til að undirbúa innleiðingu hans og meta áhrif hans. Uppi hefur verið lagaleg óvissa um gildistöku staðalsins í íslensk lög. Með því hafa gildistöku ákvæðisins á árinu 2019, þannig að það eigi að gilda í ársreikningi yfirstandandi árs, er verið að leggja verulega íþyngjandi tímappressu á meðalstór og stór félög á Íslandi. Innleiðing staðalsins hefur víðtæk áhrif á félögin þar sem tímafrekt og kostnaðarsamt er að reikna upp alla leigusamninga. Ákvæði staðalsins geta jafnframt haft veruleg áhrif á lánaskilmála og í þeim aðstæðum getur þurft að endursemjja um viðeigandi skilmála sem getur verið kostnaðarsamt ferli.

Því leggjum við til að sett verði fram bráðabirgðaákvæði þar sem áhrif ákvæðisins sem tengist innleiðingu staðalsins í íslensk lög verði ekki lögfest fyrr en eftir samþykki laganna. Ef lögin verði samþykkt fyrir áramót 2019/2020 verði það þannig að IFRS16 taki gildi í reikningsskilum sem hefjast 1. janúar 2020 eða síðar. Ef samþykkt laganna tefst fram á árið 2020 verði gildistakan ekki fyrr en 1. janúar 2021 eða síðar.

2. Íþyngjandi áhrif staðalsins


Innleiðing IFRS16 staðalsins meðal félaga sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum hefur verið íþyngjandi fyrir þau félag víðs vegar um Evrópu og hefur staðallinn mikil áhrif á efnahagsreiknings þess félags sem tekur hann upp. Einnig eru uppi skiptar skoðanir um ágæti innleiðingar staðalsins fyrir lesendur reikningsskila. Utanumhald og útreikningur áhrifa er afar umfangsmikið og kostnaðarsamt ferli. Tekið skal fram að samkvæmt ársreikningatilskipun Evrópusambandsins er ekki krafa um að staðallinn sé innleiddur fyrir aðra aðila en þá sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS)..

Í frumvarpinu hefur breytingin þau áhrif að fjármögnunarleigusamningar verða einnig undanskyldir fyrir ör- og lítil félög. Það hefur þær afleiðingar að þegar slík fyrirtæki taka lán í formi fjármögnunarleigusamninga verða þær skuldbindingar utan efnahag sem varla var ætlunin með frumvarpinu.



Því leggjum við til að íslensk stjórnvöld líti til Norðurlandanna við innleiðingu staðalsins en eftir óformlega könnun hefur staðallinn á flestum Norðurlöndum verið innleiddur sem valkvæður. Sem þýðir að félög sem gera upp samkvæmt lögum um ársreikninga hafa heimild til að beita IFRS16 en að það sé ekki skylda.

Virðingarfyllt,



Vignir Rafn Gíslason
Stjórnarformaður,
PricewaterhouseCoopers ehf.